

9. gr.

Um eftirlit með frankvæmd reglugerðar þessarar og auglýsinga samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar gilda viðeigandi ákvæði laga nr. 24 frá 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Nú kemur í ljós við rannsókn, að ekki hefur verið fylgt fyrirmælum um vörumerkingu, skal lögreglustjóri þá veita hlutaðeigendum hæfilegan frest til að koma málum í rélt horf. Ef ekki hefur verið úr bætt, að fresti liðnum, er lögreglustjóra heimilt að koma í veg fyrir, að vörur, sem ekki uppfylla fyrirmæli um vörumerkingu, séu boðnar til sölu.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og auglýsingum samkvæmt henni varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 24 frá 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 19. september 1973.

Lúðvík Jósepsson.

Pórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu,
próf ökumanna o. fl.**

1. gr.

43. gr., sbr. reglugerð nr. 186 1966, orðist svo:

Sérstaka heimild til aksturs dráttarvéla og léttra bifhjóla skal rita á eyðublöð fyrir ökuskirteini, sbr. 42. gr., þannig: „Skirteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél“, eða: „Skirteinishafi hefur heimild til að stýra léttru bifhjóli“, eða: „Skirteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og léttru bifhjóli“. Ökuskirteini til aksturs dráttarvéla og léttra bifhjóla einungis skal eigi tölusetja. Slík ökuheimild er ótímabundin.

Sá, sem heimild hefur til aksturs bifreiða, hefur og heimild til aksturs dráttarvéla. Sá, sem heimild hefur til aksturs bifhjóla, hefur og heimild til aksturs léttra bifhjóla.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. september 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.